



Verkefnið Tungubrestur og listsköpun


Fyrrum Verkefnastjóri Betri Bakkafjarðar sótti styrk í verkefnið Tungubrestur og listsköpun og fékk 1,4 m kr frá Barnamenningarsjóði. Verkefnið gengur út á að börn kynni sér þjóðsögur frá svæðinu og skapi nýjar sögur. Börnin áttu svo að útbúa listaverk sem vitnuðu í sögurnar. Verkefnið er samstarfsverkefni Grunnskólans á Þórshöfn og Betri Bakkafjarðar en Grunnskólanum á Vopnafirði var einnig boðið að taka þátt en gat það ekki sökum anna.

Verkefnið tók ákveðnum breytingum á framkvæmdartímanum þar sem ekki gekk að fá listamann til að aðstoða börn við að útfæra listaverk sín. Ákveðið var að í stað þess yrðu sögurnar teknar upp og settar á rafrænt form, börnin myndu svo teikna myndir sem yrðu prentuð á skilti ásamt QR kóða sem vísaði á heimasíðu verkefnisins þar sem bæði er hægt að hlusta á og lesa sögurnar. Skiltunum yrði svo dreift um Bakkafjörð við þau fyrirbæri sem um ræddi í hverri sögu.

Verkefnið var formlega opnað á Grásleppunni en þar sem ekki var búið að prenta skilti voru myndir og QR kóðar prentaðir út og dreift um bæinn.

Stefnt var að því að hafa skiltin á eftirfarandi stöðum:

1. Hafbrymur – Við bátinn á túninu fyrir ofan skólann
2. Bryggjan – Við stóra útsýnispallinn
3. Tilfinningaálfarnir – Við skreytta álfasteinininn á lóð skólans
4. Hvalir á Bakkafirði – Við minni útsýnispallinn
5. Gröfin – á túninu fyrir ofan skólann þar sem ein frísbíkarfan er
6. Ferð Eiríks til ógeðslegt – á móti búðinni þar sem horft er niður í fjöru
7. Kofinn – litli kofinn fyrir ofan gömlu bryggjuna
8. Elínóra – Við gamla braggagrunninn
9. Eyðilögð ást – tóma lóðin rétt fyrir ofan hafnarsvæðið



Nánari upplýsingar má finna á www.kistanlanganesbyggd.is undir Tungubrestur og listsköpun.



Nú óska ég eftir áliti ykkar áður en skiltin verða prentuð úr hvaða útfærslu þið sjáið fyrir ykkur

- Einungis QR kóði á 10x10cm platta sem er komið fyrir á hverjum stað fyrir sig
- Teikning ásamt QR kóða A5
- Teikning ásamt QR kóða A4

